



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

Áhrif fríþega á viðhorf til hópvinnu

Hópvinna, ójafnt vinnuframlag og notkun úrræða

Berglind Prunner

Sálfræðideild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
2022

Áhrif fríþega á viðhorf til hópvinnu

Hópvinna, ójafnt vinnuframlag og notkun úrræða

Berglind Prunner

12 eininga lokaverkefni
sem er hluti af
Baccalaureus Artium-prófi í sálfræði

Leiðsögukennari
Auðbjörg Björnsdóttir

Sálfræðideild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, maí 2022

Titill: Áhrif fríþega á viðhorf til hópvinna
Stuttur titill: Hópvinna, ójafnt vinnuframlag og notkun úrræða
12 eininga bakkalárprófsverkefni sem er hluti af Baccalaureus Artium-prófi í
sálfræði.

Höfundarréttur © 2022 Berglind Prunner
Öll réttindi áskilin

Sálfræðideild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Sólborg, Norðurslóð 2
600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:
Berglind Prunner, 2022, bakkalárprófsverkefni, sálfræðideild, hug- og
félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 45 bls.

Akureyri, maí, 2022

Útdráttur

Hópvinnu er notuð á öllum stigum menntakerfisins og er talin góður undirbúningur fyrir teymisvinnu í atvinnulífinu. Rannsóknir hafa sýnt fram á að hópvinnu sem kennsluáferð stuðli að auknum lærdóm og félagshæfni. Einn þeirra þátta sem þykir vinna á móti árangursríkri hópvinnu er tilfelli lítils eða einskis framlags einstakra hópmeðlima, svokallaðra fríþega, auk skorts á úrræðum til þess að takast á við vandamálið. Tilgangur þessarar rannsóknar var að skoða viðhorf til hópvinnu í sambandi við tvær eftirfarandi breytur: ójafnt framlag annars vegar og hins vegar úrræði til þess að bregðast við lágu framlagi í hópvinnu. Samtals tóku 52 háskólanemendur þátt í rannsókninni og niðurstöður sýndu jákvæða fylgni á milli jákvæðs viðhorfs til hópvinnu og jafns vinnuframlags og neikvæða fylgni á milli jákvæðs viðhorfs og þátttöku fríþega í hópvinnu. Meirihluti nemanda fannst þátttaka fríþega hafa neikvæð áhrif á upplifun á hópvinnu, líðan og lærdóm. Engin fylgni var á milli viðhorfs til hópvinnu og nýtingu úrræða. Takmarkanir á rannsókninni voru smæð úrtaksins og því ómögulegt að yfirfæra niðurstöður á allt þýðið.

Abstract

Group work is used at all stages of the education system and is thought to prepare students for a modern work environment which emphasises team work. Research has shown that group work is an efficient teaching method that promotes learning and social skills. One factor that is thought to undermine successful groupwork is the presence of group members that do not contribute, so called free riders. The aim of this research was to explore the correlation between opinion of group work and two important variables: low contribution and solutions employed to deal with it. 52 university students took part in a survey. Results showed positive correlation between a positive opinion of participation in group work and an equal contribution of all group members. There was negative correlation between a positive opinion and the presence of free riders. The majority of students agreed that the presence of free riders had a negative effect on their experience of group work and that it reduced learning. No correlation between opinion towards groupwork and the use of free rider preventive solutions was found. Limitations of the research was that the sample size was too small and therefore it is impossible to apply the results to the larger population.

*Ég vil tileinka þessa BA ritgerð fjölskyldu minni, manni mínum og börnum.
Ég vil einnig þakka leiðbeinanda mínum Auðbjörgu Björnsdóttur fyrir allar
uppbyggilegar ábendingar og yfirlestur.*

Efnisyfirlit

INNGANGUR	1
HÓPVINNA OG FRAMLAG	3
RANNSÓKNARYFIRLIT – VIÐHORF OG UPPLIFUN Á HÓPVINNU OG FRAMLAGI	5
RANNSÓKNIR Á VIÐHORFI OG UPPLIFUN Á HÓPVINNU	5
RANNSÓKNIR Á FRAMLAGI OG FRÍÞEGUM	7
RANNSÓKNIR Á ÚRRÆÐUM VIÐ LITLU EÐA ENGU FRAMLAGI	8
AÐFERÐ	11
ÞÁTTTAKENDUR	11
MÆLITÆKI	11
FRAMKVÆMD	13
NIÐURSTÖÐUR	14
UMRÆÐUR	26
VIÐHORF TIL HÓPVINNU – „Í GÓÐU HÓPUNUM HEF ÉG LÆRT MIKLU MEIRA..“	26
FRAMLAG Í HÓPVINNU - „..FÆR B.A. GRÁÐUNA SÍNA Í CHEERIOS PAKKA..“	28
ÚRRÆÐI – „..ÝTT Á MEÐLIMINN AÐ SKILA SÍNU..“	30
ANNMARKAR RANNSÓKNAR	31
LOKAORÐ	33
HEIMILDIR	34
VIÐAUKAR	40
VIÐAUKI A	40
VIÐAUKI B	42
VIÐAUKI C	44
MYND 1	14
MYND 2	15
MYND 3	16
MYND 4	17
MYND 5	18
MYND 6	18
TAFLA 1	19
TAFLA 2	21
TAFLA 3	21
TAFLA 4	21
TAFLA 5	23
TAFLA 6	25

Inngangur

Hópvinnna er notuð á öllum stigum menntakerfisins. Tilgangur hennar fyrir menntun er tvíþættur, að nemendur öðlist félagslega færni annars vegar og vísindalega þekkingu hins vegar í gegnum samskipti og samvinnu við aðra (Hammar Chiriac, 20014). Jafnframt hefur verið talið að hópvinnna undirbúi nemendur betur fyrir atvinnuumhverfið, þar sem fyrirtæki leggi meiri áherslu á teymisvinnu til að auka framleiðni (Aggarwal og O'Brien, 2008; Hansen, 2006; Pfaff og Huddleston, 2003). Þó nokkrar rannsóknir (Lou o.fl., 1996; Slavin, 1996; Blatchford o.fl., 2003; Hansen, 2006; Gillies og Boyle, 2010, 2011) hafa sýnt fram á gildi hópvinnu fyrir betri námsárangur. Ávinningurinn af hópvinnu hefur því verið margoft sannreyndur. Enn þó að hópvinnan þyki stuðla að námsárangri og félagshæfni, er upplifun nemenda á henni mis jákvæð, sérstaklega sá þáttur sem snýr að jöfnu framlagi (Luo o.fl., 2021).

Nokkrar rannsóknir (Cantwell og Andrews, 2002; Underwood, 2003; Peterson og Miller, 2004; Hansen, 2006; Hammar Chiriac og Granström, 2012, Hammar Chiriac, 2014) hafa skoðað upplifun nemenda á hópvinnu sem sýna að hún sé margþætt og stjórnist af félagslegum, hugrænum og sálrænum þáttum, eins og t.d. náms-, félags- og samskiptahæfni, viðhorfi, sjálfstrausti, trú á eigin hæfni, skipulagi og jöfnu framlagi, sem geta bæði haft jákvæð eða neikvæð áhrif á upplifun og skilvirkni nemenda (Hammar Chiriac, 2004). Hópvinnna getur því þýtt margskonar áskoranir fyrir nemendur. Ein þekkt og þrautseig áskorun í hópvinnu er að stuðla að jöfnu framlagi hvers hópmeðlims. Svokallaðir fríþegar (e. free riders) eru útbreitt vandamál í hópvinnu sem erfitt er að eiga við og mikið hefur verið fjallað um (Luo o.fl., 2021). Rannsóknir (Brooks og Ammons, 2003; Hall og Buzwell, 2013; Hammar Chiriac, 2014; Peterson og Miller, 2004; Pfaff og Huddleston, 2003; Underwood, 2003) hafa sýnt fram á, að ójafnt framlag hefur neikvæð áhrif á upplifun og viðhorf nemenda til hópvinnu á háskólastigi.

Með aukinni áherslu á hópvinnu á háskólastigi er mikilvægt að nemendur fá þann ávinning sem rannsóknir hafa sýnt fram á. Tilgangur þessarar rannsóknar er að skoða samband viðhorfs til hópvinnu og upplifun á vinnuframlagi. Ójafnt framlag í hópvinnu er ekki nýtt vandamál, en heldur áfram að vera þrálátt sökum skorts á viðeigandi úrræðum (Luo o.fl., 2021). Jafnt vinnuframlag er mikilvægt bæði fyrir jákvæða upplifun og skilvirkni hópstarfsins (Hammar Chiriac, 2014). Markmið þessarar rannsóknar er að skoða hversu jákvæðir nemendur eru fyrir því að taka þátt í hópvinnu, hver upplifun þeirra er á eigin framlagi og framlagi annarra, sem

og nýting úrræða til þess eiga við fríþega í hópvinnu. Í miðpunkti eru úrræði sem byggja á eigin frumkvæði hópmeðlima eins og t.d. að ýta á eftir fríþega eða að láta kennara vita, sem og úrræði sem menntastofnanir hafa helst nýtt eins og svokallað jafningjamat. Rannsóknarspurningin er því eftirfarandi: Hefur þátttaka fríþega eða ójafnt vinnuframlag í hópvinnu, sem og nýting úrræða að stemma stigu við ójöfnu framlagi, áhrif á viðhorf til hópvinnu?

Hópvinna og framlag

Hópvinna byggist á samvinnu. Innan fræðanna hefur henni verið skipt í samvinnunám (e. cooperative learning) og teymisnám (e. collaborative learning). Erfitt er að þýða þessi hugtök yfir á íslensku þar sem engar íslenskar rannsóknir fundust sem gera greinamun á þessari mismunandi nálgun í hópvinna. Hammar Chiriac (2014) segir mikinn misskilning ríkja um bæði þessi hugtök - hvernig þau séu túlkuð af fræðimönnum og hvernig þau eru skilgreind. Hugtökunum er ætlað að skýra hvernig hópvinna er skipulögð. Samvinnunám er samkvæmt henni hópvinna þar sem nemendur sitja saman í hópum og leysa verkefni sjálfstætt en ekki endilega í sameiningu. Hammar Chiriac (2014) nefnir dæmi, að nemendur sitja mögulega hlið við hlið og veita hver öðrum einstaka stuðning en leysi þó verkefnið að stórum hluta sjálf. Teymisnám byggir hins vegar á samvinnu nemenda sem nýtir hæfileika hvers meðlims til þess að leysa ákveðin verkefni. Campbell og Ryder (1989) segja munin liggja í því að „vinna í hóp“ eða að „vinna sem hópur“. Hammar Chiriac (2014) leggur áherslu á að bæði þessi hugtök séu notuð á víxl í rannsóknum og skortur sé á að greinarmunur sé gerður á þessum hugtökum.

Í þessari rannsókn verður ekki rannsökuð ein eða önnur skilgreiningin, þar sem gengið er út frá því að nemendur hafi almennan skilning á því hvað hópvinna er. Út frá almennum skilning er ályktað að í huga nemenda gætu báðar skilgreiningar átt við eftir því hvernig hópvinnan er skipulögð og hvernig framlagi nemenda er háttað. Sú verkefnaskipan er vafalaust mismunandi eftir námskeiðum, eðli hópverkefna, samsetningu hópmeðlima og högun samvinnunnar og framlagsins. Nemendur geta mögulega skipt með sér verkum og unnið hluta sjálfstætt eða unnið sameiginleg á sumum hlutum hópverkefnisins en ekki á öðrum. Þar sem skilningur nemenda á hópvinna er mögulega mismunandi, verður eingöngu notast við hugtakið „hópvinna“ í þessari rannsókn.

Jafnt framlag er mikilvægur þáttur í hópvinna. Ójafnt framlag eða svokallaðir fríþegar eru algengt vandamál. Fríþegar eru þeir sem leggja lítið eða ekkert til hópvinunnar en njóta ávinningsins af erfiðri annarra (Dommeyer, 2007, 2012). Mismunandi er hvernig nemendur upplifa og meta framlag hvors annars (Dingel o.fl., 2013). Algengt er að kennarar gefi annaðhvort sameiginlega einkunn fyrir hópverkefni eða hver og einn fær sér einkunn sem metin er í gegnum jafningja- eða sjálfsmöt yfir önnina. Einkunn endurspeglar hins vegar ekki alltaf

framlag nemenda. Mikil óánægja með hópvinnu, ræðst oftast en ekki af óánægju með að einkunn er ekki í samræmi við framlag hvers hópmeðlims. Einnig getur það reynst erfitt fyrir kennara að meta framlag hvers eins (Dommeyer, 2012). Í þessari rannsókn verður gengið út frá því að svipað og með hópvinnu, sé mat og skilningur nemenda á framlagi frekar vítt. Í könnun sem lögð var fyrir þátttakendur í þessari rannsókn var ekki notast við hugtakið fríþegi. Skilgreining Dommeyer (2012) á hugtakinu er gildishlaðið og lýsir fríþeganum sem einstaklingi sem misnoti sér vinna annarra. Samkvæmt Hall og Buzwell (2013) eru ástæður fyrir litlu eða engu framlagi fríþega af ýmsum toga bæði tengdu vinnulagi hópsins sem heild sem og persónulegum ástæðum eins og frestunaráratu eða skortur á sjálfstrausti. Hér er því ekki endilega um ásetning að ræða heldur aðstæður sem fríþeginn á mögulega erfitt með að hafa stjórn á. Hverjar sem ástæðurnar eru, þá er hugtakið fríþegi í þessari rannsókn skilgreint sem hópmeðlimur sem er með lítið eða ekkert framlag í hópvinnu.

Rannsóknaryfirlit – viðhorf og upplifun á hópvinnu og framlagi

Félagshámskenningin (e. social learning theory) segir að einstaklingar læri í gegnum samskipti og samvinnu við aðra (Luo o.fl., 2021). Samkvæmt hvatakenningu (e. drive theory) Zajonic (1980) vinna einstaklingar hraðar og skilvirkar í kringum aðra heldur en einir (Ukezono o.fl., 2015). Margar rannsóknir (Blatchford o.fl., 2003; Gillies og Boyle, 2010, 2011; Hansen, 2006; Lou o.fl., 1996; Slavin, 1996) hafa sýnt fram á þann margþætta ávinning sem hópvinna hefur fyrir námsárangur. Auk þess ávinnings þykir hópvinna undirbúa nemendur fyrir æ flóknara vinnuumhverfi sem byggir mikið á góðum samskiptum og teymisvinnu. Þessi ávinningur er í takt við þær samfélagslegu kröfur og þá samhöggun sem á sér stað á milli menntakerfisins og vinnumarkaðarins (Aggarwal og O'Brien, 2008; Hansen, 2006; Pfaff og Huddleston, 2003). Þessi áhersla á námsárangur og vinnumarkaðinn, lýsir hins vegar ekki hvernig nemendur upplifi hópvinnu. Því næst verða skoðaðar rannsóknir á upplifun nemenda á hópvinnu og framlagi.

Rannsóknir á viðhorfi og upplifun á hópvinnu

Miðað við þá útbreiddu notkun á hópvinnu sem kennsluáðferð, eru hlutfallslega fáar rannsóknir sem hafa skoðað viðhorf eða upplifun nemenda á henni (Hammar Chiriac, 2014). Rannsóknir (Cantwell og Andrews, 2002; Hansen, 2006; Hall og Buzwell, 2013; Hammar Chiriac, 2014; Hammar Chiriac og Granström, 2012, Peterson og Miller, 2004; Underwood, 2003) sem hafa skoðað upplifun nemenda, hafa sýnt að hópvinna sé margþætt hugrænt, félagslegt og sálrænt fyrirbæri. Samkvæmt eigindlegri rannsókn Hammar Chiriac og Granström (2012) þótti nemendum meiri gæði ef hópastarfið var vel skipulagt, hópar ekki of stórir, meðlimir áttu vel skap saman, þátttaka jöfn og verkefnaþuð, leiðbeiningar fyrir verkefnið og einkunnargjöf skýrar, framsetning og kynning nemenda góð og kennarinn skilningsríkur og lýðræðislegur leiðbeinandi. Sömu þættir sem stuðluðu að góðu og skilvirku hópastarfi í rannsókninni, geta hins vegar líka dregið úr gæði þess fyrir nemendur (Hammar Chiriac og Granström, 2012).

Eigindleg rannsókn Hammar Chiriac (2014) er ein af fáum rannsóknum sem skoðar hvaða þættir í hópvinnumni eru mikilvægir fyrir árangursríka hópvinnu út frá upplifun nemenda á

háskólastigi. Hammar Chiriac (2014) greindi þrjá eftirfarandi þætti sem bæði geta stuðlað að og dregið úr árangursríkri samvinnu í hóp: Lærdómur (e. learning), námsfélagsleg hæfni (e. study social function) og skipulag (e. organization). Lærdómur á sér stað samkvæmt greiningu hennar í gegnum góð samskipti og samvinnu við aðra. Slæm samskipti, mikil ósætti, skortur á samvinnu og einbeitingu dregur hins vegar úr lærdómi. Námsfélagsleg hæfni hverfist um mikilvægi þess að tilheyra hóp bæði í félagslegum og lærdómstengdum skilningi. Skortur á sameiginlegum tíma til þess að kynnast og ósætti kemur í veg fyrir samhaldni og árangri í hópvinnu. Skipulag snýr að samsetningu hópsins (stærð og persónugerð hópmeðlima), hlutverkaskipan, vinnulagi og framlagi hvers og eins. Ósamstæðir og of stórir hópar, óskýr hlutverkaskipan, ólíkt vinnulag og ójafnt framlag dregur úr árangursríkri hópvinnu. Því óskýrari sem reglur og skipulag hópinnunnar eru, því minni ávinningur af hópinnunni (Hammar Chiriac, 2014). Hópvinna er eins og þessar rannsóknir sýnir flókið félagslegt fyrirbæri.

Það er þekkt í menntakerfinu að nemendur séu mis jákvæðir fyrir því að taka þátt í hópvinnu og sumir jafnvel kjósa frekar að vinna sjálfstætt (Luo o.fl., 2021). Sökum þess hversu flókin hópinnan er fylgja henni áskoranir sem móta viðhorf og upplifun nemenda. Samkvæmt rannsókn (Pfaff og Huddleston, 2003) eru tengsl á milli viðhorfs til hópinnu og því hvernig stúdentar upplifi hópinnu. Því jákvæðari sem stúdentar voru fyrir hópinnunni því betri var upplifunin af hópastarfinu. Háskólanemendur eru þrátt fyrir ofanefnda neikvæðni, almennt frekar jákvæðir fyrir því að taka þátt í hópinnu samkvæmt rannsóknum (Hansen, 2006; Underwood, 2003) og hlutfall þeirra sem vilja vinna í hóp var hærra heldur en þeirra sem kjósa að vinna sjálfstætt.

Þó að flestar rannsóknir (Hansen, 2006; Hall og Buzwell, 2013; Hammar Chiriac, 2014; Hammar Chiriac og Granström, 2012; Underwood, 2003) á viðhorfi og upplifun háskólanemenda sýni að þeir séu almennt jákvæðir fyrir því að taka þátt hópinnu og hafa jákvæða upplifun af henni, þá sýna niðurstöður úr rannsókn Hall og Buzwell (2013) að aðeins 44% nemenda hefðu haft góða og mjög góða upplifun á hópinnu á meðan að einn þriðji (32%) sögðu að upplifunin hefði verið slæm eða mjög slæm. Höfuðástæður óánægjunar var að einkunn væri ekki í samræmi við framlag hópmeðlima (Hall og Buzwell, 2013). Það eru svipaðar niðurstöður og í rannsókn Pfaff og Huddleston (2003) þar sem nemendur voru með jákvæðara viðhorf til hópinnu, ef þeir fengu góða einkunn og lítið væri um lélegt framlag hópmeðlima. Auk þess voru þeir jákvæðari ef þeir fengu meiri sameiginlegan skólatíma til þess að vinna verkefnið, upplifðu að vinnuálag væri hæfilegt og notuðu jafningjamat til þess að meta framlag samnemenda. Það sem kom á óvart í sömu rannsókn sýndi að leiðtoga-hæfileikar höfðu engin

tölfræðilega marktæk áhrif á viðhorf til hópvinna (Pfaff og Huddleston, 2003). Rannsókn Du o.fl. (2018) leggur áherslu á mikilvægi góðs leiðtoga í að móta hópastarfið. Samkvæmt rannsókn Hammar Chiriac (2014) er gott skipulag eins og jafnt vinnuframlag og að hópurinn væri hvorki of stór né of lítill, góð mæting og að meðlimir passir vel saman mikilvægt til þess að stuðla að ánægju nemenda og skilvirkni hópinnunar.

Önnur jákvæð áhrif hópinnu á upplifun nemenda er að þeim finnst þeir læra meira í hóp en einir. Háskólanemendur í rannsókn Hansen (2006) fannst hópinnan uppbyggileg og fræðandi þrátt fyrir litla þjálfun í hópinnu. Í eigindlegri rannsókn Hammar Chiriac (2014) á upplifun nemenda á hópinnu kom í ljós að 97% nemenda fannst hópinnu ýta undir lærdóm og þjálfu samvinnuhæfni, en draga úr lærdómi þegar hópinn skorti einbeitingu í verkefnavinnu og ef ósætti var innan hópsins. Einnig þótti hópinnan styrkja félagsleg tengsl og draga úr ótta við háskólaumhverfið. Viðhorf og upplifun nemenda mótast samkvæmt ofantöldum rannsóknum af mörgum samverkandi þáttum en sumir þættir hafa meiri áhrif á upplifun og viðhorf nemenda en aðrir. Sá þáttur sem þykir hafa mest áhrif á nemendur og skyggja á ávinning hópinnunar eru nemendur sem leggja lítið til hópinnunar (Hall og Buzwell, 2013).

Rannsóknir á framlagi og fríþegum

Í rannsóknum (Hall og Buzwell, 2013; Hammar Chiriac og Granström, 2012; Hammar Chiriac, 2014; Peterson og Miller, 2004; Pfaff og Huddleston, 2003; Underwood, 2003) á upplifun nemenda kemur í ljós að ójafnt framlag hefur neikvæð áhrif á upplifun, viðhorf og námsárangur og að fríþegar séu algengt umkvörtunarefni nemenda. Þessar rannsóknir skoða ekki aðeins fríþega eða framlag heldur einnig aðra þætti eins og komið hefur fram. Samkvæmt rannsókn (Hammar Chiriac, 2014) á upplifun nemenda á háskólastigi kom í ljós að jafnt framlag væri einn af þeim þáttum sem væri mikilvægur fyrir skilvirka hópinnu. Samkvæmt Pfaff og Huddleston (2003) er viðvera fríþega í öðru sæti á eftir einkunn sem dregur úr jákvæðu viðhorfi og upplifun á hópinnu. Lítið eða ekkert framlag sumra í hópinnu þýðir að aukavinna færir frá þeim yfir á aðra hópmeðlimi og því skiljanlegt að slík yfirfærsla leiði til óánægju með hópastarfið (Dingel o.fl., 2013).

Rannsóknir á framlagi sérstaklega hafa einblínt á svokalla fríþega. Fríþegar er þekkt og útbreitt vandamál (Luo o.fl., 2021). Rannsóknir (Jassawalla o.fl., 2009; Stark o.fl., 2007) á fríþegum hafa fjallað um þau neikvæðu áhrif sem þeir hafa á aðra hópmeðlimi og upplifun þeirra á hópastarfinu. Aðrar rannsóknir (Hall og Buzwell, 2013; Mihelič og Culiberg, 2019;

Luo o.fl., 2021) hafa skoðað líðan og ástæður á bak við litlu framlagi fríþega og enn aðrar rannsóknir (Aggarwal og O'Brien, 2008; Bacon o.fl., 2019; Brooks og Ammons, 2003; Börjesson o.fl., 2006; Dommeyer, 2007, 2012; Harding, 2018; Karau og Williams, 1993; Maiden og Perry, 2011; Shi o.fl., 2012) hafa einbeitt sér að því að finna úrræði til þess að eiga við vandamálið (Hall og Buzwell, 2013). Miðpunkti þessarar rannsóknar er að skoða upplifun á framlagi sérstaklega. Samkvæmt rannsókn Jassawalla o.fl. (2009) hafa fríþegar tvíþætt neikvæð áhrif. Annars vegar færast meira vinnuálag á aðra meðlimi hópsins og hins vegar hefur sinnuleysi og félagslega tengslaleysi fríþegans neikvæð áhrif á námsárangur. Þá er ekki átt við sjálft framlagið til hópverkefnisins, heldur dragi áður nefnd hegðun fríþegans úr námsárangri sem hópmeðlimir hafi litla stjórn yfir. Í rannsókn Stark o.fl. (2007) eru tengsl á milli neikvæðu viðhorfi til þátttöku í hópvinnu og litlu eða engu framlagi í hópvinnu. Með öðrum orðum hafa fríþegar bæði lítið álit og áhuga á að taka þátt í hópvinnu. Ekki fundust aðrar rannsóknir sem skoða viðhorf nemenda til hópvinnu sérstaklega, því verður aðallega stuðst við rannsóknir á almennri upplifun háskólanemenda um hópvinnu.

Rannsóknir á úrræðum við litlu eða engu framlagi

Luo o.fl. (2021) sem rannsökuðu persónulega þætti fríþega, hafa bent á að erfitt hefur þótt fyrir menntakerfið að taka á því vandamáli sem fríþegar skapa í hópvinnu. Ýmsar rannsóknir (Aggarwal og O'Brien, 2008; Bacon o.fl., 2019; Brooks og Ammons, 2003; Dommeyer, 2007, 2012; Harding, 2018; Karau og Williams, 1993; Maiden og Perry, 2011; Shi o.fl., 2012) hafa rannsakað leiðir eins og jafningjamat, sjálfsmat og persónulegar dagbækur til þess að vinna á móti litlu eða engu framlagi í hópvinnu. Þar af eru rannsóknir á jafningjamati í stórum meirihluta en minna um rannsóknir á notkun sjálfsmats og dagbóka (Hall og Buzwell, 2013).

Lítið er um rannsóknir á úrræðum sem nemendur grípa til sjálfir. Rannsókn Underwood (2003) sem skoðar viðhorf nemenda til ásættanlegra og óásættanlegra vinnubragða í hópvinnu, sýndi að þegar nemendur áttu að taka afstöðu til litlu eða engu framlagi í hóp, voru nemendur (83%) ekki tilbúnir til þess að fjarlægja nafn hópmeðlims af hópverkefni. Á móti fannst 62% það heldur ekki sanngjarnt að nafn þeirra yrði fjarlægja út af slöku framlagi. 62% nemenda fannst sanngjarnt að tilkynna kennara um lítið eða ekkert framlag hópmeðlims. Heilt yfir vildu nemendur frekar tilkynna til kennara heldur en að þurfa sjálfir að fjarlægja nafn meðlims af verkefni. Nemendur voru þó skilningsríkari ef meðlimur hafði ásættanlega ástæðu fyrir litlu eða engu framlagi (Underwood, 2003). Það er skiljanlegt að nemendum finnist erfitt að setja

fríþegum mörk, þar sem nemendur í hóp hafa ekki formlegt vald yfir hvort öðru. Kennsla hefur færst í auknum mæli frá kennaranum til nemenda, þar sem nemendur í gegnum hópvinnu, eru settir í það hlutverk að stuðla að aukinni menntun hvors annars og leysa úr vandamálum sameiginlega (Hall og Buzwell, 2013). Ekki fundust fleiri rannsóknir sem skoða viðbrögð nemenda sérstaklega við slöku framlagi í hópastarfi og því mikilvægt að skoða það nánar.

Annað úrræði sem hefur mikið verið rætt sem úrræði gegn fríþegum er jafningjamat. Eins og fram hefur komið hér að ofan sýndi rannsókn Pfaff og Huddleston (2003) að einkunn og jafningjamat hefðu jákvæð áhrif á upplifun nemenda. Einkunn er hér í miðpunkti þar sem mikilvægt er að hún endurspegli framlagið. Því er skiljanlegt að einkunn og jákvæð upplifun fari saman. Í rannsókn Underwood (2003) kom í ljós að krafa á skýrari verkefnaskipan jókst ef hópmeðlimir áttu að fá sameiginlega einkunn. Mögulegt er að nemendur upplifi að þá sé meira í húfi og því sé mikilvægt að skipuleggja framlagið vel. Fræðimenn hafa verið ósammála um hvort sé betra að gefa sameiginlega einkunn eða gefa hverjum og einum sér einkunn (Dingel o.fl., 2013). Margir halda því fram að sameiginleg einkunn styrki samvinnu á meðan að sér einkunn ýti undir samkeppni innan hópsins sem dragi úr henni (Pfaff og Huddleston, 2003).

Rannsókn Druskat og Wolff (1999) á 500 stúdentum sýndi að jafningjamat hefði jákvæð áhrif á ójafnt framlag á þann hátt að það minnkaði. Rannsókn Shiu o.fl. (2012) sýndi að nemendur eru almennt jákvæðir gagnvart því að nota jafningjamat og upplifðu einnig að það ynni á móti ójöfnu framlagi. Rannsóknir (Brooks og Ammons, 2003, Karau og Williams, 1993) benda einnig til þess að jafningjamöt dragi úr litlu framlagi nemenda í hóp. Samkvæmt rannsókn Persons (1998) voru nemendur sem skoruðu hátt á jafningjamati með hærri meðaleinkunn, hærri einkunn fyrir þátttöku og heimavinnu. Dingel o.fl. (2013) leggja áherslu á að rannsaka þyrfti hversu áreiðanleg slík mót eru, þar sem rannsókn þeirra sýndi að jafningjamat endurspegladi ekki raunverulega frammistöðu hópmeðlima í námskeiði. Önnur mikilvæg niðurstaða rannsóknarinnar sýndi einnig að fríþegar hefðu engin tölfræðilega marktæk áhrif á einkunn hópverkefnisins (Dingel o.fl., 2013). Með öðrum orðum þó að fríþegar séu í hóp þá hefur það ekki neikvæð áhrif á einkunn á þann hátt að hún lækki.

Rannsóknir á jafningjamati eru mótsagnakenndar samkvæmt Donmeyer (2012), en hann er þeirra skoðunar að þau geti samt verið hjálpleg, en mikilvægt sé að rannsaka áreiðanleika betur. Markmið þessarar rannsóknar er ekki að leggja mat á áreiðanleika jafningjamats heldur skoða tengsl á milli viðhorfs og nýtingu úrræða sem nemendur hafa sjálfir frumkvæði að annars vegar og hversu mikilvægt nemendum finnst jafningjamat fyrir góða hópvinnu hinsvegar. Þar sem um

megindlega rannsókn er að ræða, er markmiðið að skoða tölfræðilega hvort að það séu möguleg tengsl á milli þess að nýta sér þau úrræði sem Underwood (2003) nefnir og jákvæðu viðhorfi til hópvinna. Eru nemendur sem t.d. ýta oft á eftir nemendum með slaka frammistöðu minna jákvæðar fyrir hópvinna heldur en þeir sem gera það ekki eða öfugt? Hvað varðar jafningjamat, er markmiðið ekki að spyrja hversu oft það er notað, heldur hversu mikilvægt nemendum finnst það vera fyrir góða hópvinna. Einnig verður skoðað hvort að það séu tengsl á milli þess að vera jákvæður fyrir hópvinna og finnast jafningjamat mikilvægt fyrir hópvinna.

Aðferð

Þátttakendur

Samtals tóku 52 nemendur við Háskólann á Akureyri (HA) þátt í könnuninni. Þar af voru 43 konur og 9 karlmenn. Meðalaldur nemenda var 29 ár, staðalfrávik 7,5 og aldursspönnin var 21 til 53 ára. Flestir nemendur voru frá höfuðborgarsvæðinu (21) og norðurlandi eystra (15). Þar á eftir voru 8 nemendur frá Suðurlandi, 3 frá Norðurlandi vestra, 2 frá Suðurnesjum, 2 frá Austurlandi og 1 frá Vesturlandi. Flestir nemendur (45) voru skráðir í nám á hug- og félagsvísindasviði og 7 í nám á heilbrigðisvísindasviði. Þrjú fjórðu þátttakenda (39) voru skráðir í fjarnám og einn fjórði (13) í staðnám. 43 nemendur tóku þátt í könnunina í gegnum námskeið við HA en 9 nemendur í gegnum samfélagsmiðillinn Facebook þar sem auglýst var í þremur hópum fyrir HA nemendur.

Þegar úrtakið er skoðað nánar var kynjahlutfallið með 83% konur og 17% karlmenn svipað og hlutfallið er í HA. Raunverulegt kynjahlutfall miðað við árið 2021 var 78% konur og 22% karlmenn. Aldursdreifingin var svipuð og hlutfallið er í HA (Háskólinn á Akureyri, e.d.). 60% voru 29 ára og yngri, 25% 30 til 39 ára, 14% 40 til 49 ára og aðeins 2% 50 til 59 ára og engin yfir 60 ára. Hlutfall þátttakenda eftir vísindasviðum í könnunni var hins vegar ekki í samræmi við hlutfallið í HA: Engin þátttakandi var í könnunni frá Viðskipta- og raunvísindasviði, en 87% frá Hug- og félagsvísindasviði og 13% frá Heilbrigðisvísindasviði. Raunverulegt hlutfall nemanda skráðir á Hug- og félagsvísindasviði er 50%, 25% á Heilbrigðisvísindasviði og 25% á Viðskipta og raunvísindasviði (Háskólinn á Akureyri, e.d.). Því er hægt að segja að bæði kyn og aldersdreifing endurspeglir nemendur á Hug- og félagsvísindasviði og Heilbrigðisvísindasviði. Dreifing eftir vísindasviði eitt og sér endurspeglar hins vegar ekki nemendur við HA.

Mælitæki

Fyrir rannsóknina var hönnuð könnun (sjá viðauka A) sem byggir á niðurstöðum rannsókna á viðhorfi og upplifun nemenda á hópvinnu og framlagi. Í inngangi könnunar voru þátttakendur upplýstir um tilgang rannsóknar, hver væri í forsvari fyrir hana, að hún væri ekki persónurekjanleg og að mögulegt væri að hætta í henni hvenær sem er. Samtals voru 16 liðir í

könnunni. Spurt var út í bakgrunnsupplýsingar kyn, aldur, búsetu, vísindasvið og tegund náms (spurningar 12 til 16).

Spurning 1 voru staðhæfingar sem spurðu út í viðhorf til hópvinnu varðandi hversu jákvæðir þátttakendur væru fyrir þátttöku, hvort þeim fyndist þeir læra meira og hvort þeir upplifðu að þeir væru skilvirkari ef þeir tækju þátt í hópvinnu. Í spurningu 2 voru þátttakendur beðnir um að taka afstöðu til staðhæfinga um eigið framlag og framlag annarra í hópvinnu almennt. Staðhæfingar í spurningu 1 og 2 voru mældar á fimm punkta Likert-kvarða: Mjög ósammála, ósammála, hvorki né, sammála, mjög sammála.

Spurningar 3 til 6 spurðu þátttakendur út í tiltekið hópverkefni sem þau hefðu klárað nýlega eða á síðustu önn. Þátttakendur sem höfðu ekki tekið þátt í hópverkefni nýlega eða á síðustu önn gátu hakað við þann möguleika og slepptu þessum hluta og færst yfir á spurningu 7. Spurning 3 spurði út fjölda hópmeðlima, spurning 4 út í upplifun á hópverkefninu, spurning 5 spurði út í vinnuframlag og spurning 6 út í einkunn fyrir hópverkefnið. Í spurningu 4 var „upplifun á hópverkefninu“ mæld á fimm punkta Likertkvarða: Mjög slæm, slæm, hvorki né, góð, mjög góð. Spurning 5 mældi framlag þátttakanda og framlag annarra hópmeðlima sem mældur var á fimm punkta Likertkvarða: Mjög ósammála, ósammála, hvorki né, sammála, mjög sammála. Spurning 3 og 6 voru mældar á hlutfallskvarða í tölum.

Í spurningu 7 voru þátttakendur spurðir út í hversu oft þeir nýttu sér eftirfarandi úrræði: „Biðja viðkomandi hópmeðlim að taka sig á“, „Láta kennara vita af litlu eða engu framlagi“, „Biðja viðkomandi um að hætta í hópnum“ og „Fjarlægja nafn viðkomandi af hópverkefninu“. Viðkomandi staðhæfingar voru mældar á eftirfarandi fimm punkta Likertkvarða: Aldrei, sjaldan, stundum, oft, alltaf.

Spurning 9 spurði út í hvaða áhrif lítið eða ekkert framlag hefði á líðan, lærdóm, einkunn og almenna upplifun á hópvinnu. Þátttakendur voru beðnir að taka afstöðu til staðhæfinga sem mældar voru á fimm punkta Likert-kvarða frá mjög ósammála upp í mjög sammála.

Spurning 10 spurði út mikilvægi góðra samskipta, góðs leiðtoga í hópnum, notkun á jafningjamati, jafnri virkni og meiri sameiginlegs vinnutíma fyrir góða hópvinnu. Sú spurning var mæld á fimm punkta Likert-kvarða: Mjög lítilvægt, lítilvægt, hvorki né, mikilvægt, mjög mikilvægt.

Tvær opnar spurningar (8 og 11) voru í könnunni. Spurning 8 spurði út í hvaða önnur úrræði þátttakendur höfðu nýtt sér (ef einhver), til þess að eiga við lítið eða ekkert framlag hópmeðlims og spurning 11 hvort að þátttakendur vildu bæta einhverju við varðandi hópvinnu (sjá viðauka A fyrir útfærslu könnunar og viðauka B fyrir svör þátttakenda).

Framkvæmd

Könnunin var hönnuð í gegnum forritið Microsoft Forms á One Drive og bar yfirskriftina „Viðhorf og upplifun á hópvinnu“. Hún var auglýst á smáauglýsingasvæði Uglu og í gegnum námskeið kennara á vegum Háskólans á Akureyri. Einnig var auglýst á samfélagsmiðlinum Facebook. Könnunin var opin í 1 mánuð, frá 11. febrúar til 11. mars 2022. Aðeins nemendur við háskólann á Akureyri með virkan aðgang að háskólasvæðinu Uglu gátu tekið þátt í könnuninni og þá aðeins einu sinni. Vegna dræmrar þátttöku var könnunin opnuð á ný frá 12. mars til 16. mars og auglýst í þremur eftirfarandi hópum fyrir nemendur við HA á Facebook: „Samferða Háskólinn á Akureyri“, „Skiptibókamarkaður – sálfræði – Háskólinn á Akureyri – UNAK“ og „2. ár í Iðjuþjálfunarfræði 2021-2022“.

Gögnin voru skoðuð til þess athuga mögulega útlaga eða skekkjur. Til þess að koma í veg fyrir skekkjur í svörum þátttakenda var notast við öfugkóðað atriði (e. reversed coded). Hætta er á að þátttakendur svari ítrekað á sama hátt sökum leiða eða annarra ástæðna. Öfugkóðað atriði er í mótsögn við annað atriði á sama skala. (Ashton, 2018). Í spurningu 5 var eitt öfugkóðað atriði og niðurstöður sýndi að það væru engar skekkjur í svörum þátttakenda. Eftir greiningu var engir sýnilegir útlagar eða skekkjur í gögnunum.

Við tölfræðilega úrvinnslu gagna var notast við töflureikniforritið Microsoft Excel og tölfræðiforritið SPSS. Notast var við lýsandi tölfræði til þess að greina gögnin. Reiknað var prósentuhlutfall svara þátttakenda.

Til þess að skoða fylgni á milli viðhorfa til hópvinnu og framlags annarsvegar og viðhorfs og úrræða hinsvegar var framkvæmt Spearmanns fylgnipróf. Einnig var skoðuð fylgni á milli viðhorfs og einkunnar (sjá töflu 1 og viðauka C).

Framkvæmt var t-próf til þess að greina kynjamun, mun á tegund náms (fjarnemar og staðnemar) og uppruna þátttakenda (HA og Facebook; sjá töflu 2, 3 og 4).

Tvær opnar spurningar voru í könnuninni og var notast við þematíska greiningu (e. thematic analysis) sem er eigindleg nálgun. Greiningin leggur áherslu á þau atriði sem koma endurtekið fram í persónulegum frásögnum. Lýsing og túlkun frásagnanna eru háð greinandanum. Markmiðið er að greina endurteknu atriðin í svokölluð þemu og útbúa þemakort til þess að svara rannsóknarspurningunni (Vaismoradi o.fl., 2013).

Niðurstöður


Niðurstöður varðandi viðhorf nemenda til hópinnu sýndu að meirihluti (61,6%) nemenda voru almennt með jákvætt viðhorf til þátttöku í hópinnu. 46,2% nemenda voru sammála og 15,4% voru mjög sammála. Á meðan voru 25% nemenda ósammála og 3,8% mjög ósammála þeirri fullyrðingu að þeir væru jákvæðir fyrir því að taka þátt í hópinnu (sjá mynd 1).

Þrátt fyrir að nemendur væru almennt jákvæðir fyrir hópinnu, voru færri sammála þeirri fullyrðingu að þeir lærðu meira í hópinnu heldur en einir - 32,7% voru ósammála og 17,3% mjög ósammála á móti 25% sem voru sammála og 7,7% mjög sammála. 17,3% voru hvorki sammála né ósammála því að þeir lærðu meira í hópinnu (sjá mynd 1). Í opnum svörum skrifuðu nemendur að ójafnt framlag og virkni leiddi til þess að þeir lærðu minna í hópinnu.

Nemendur voru hlutfallslega aðeins meira ósammála heldur en sammála þeirri fullyrðingu að þeir væru skilvirkari í hópinnu heldur en einir: 28,8% voru ósammála og 13,5% mjög ósammála fullyrðingunni á meðan samtals 34% nemenda voru sammála, en þar af voru 7,7% mjög sammála (sjá mynd 1).

Mynd 1

Viðhorf til hópinnu og upplifun á eigin framlagi.



Í mælingum á viðhorfi til eigin framlags í hópvinnu sýndu niðurstöður að 78,8% nemenda voru sammála (50%) eða mjög sammála (28,8%) því að þeir væru mjög virkir í hópvinnu og gerðu alltaf meira en sinn hlut. Enginn var ósammála fullyrðingunni og 21,2% voru hvorki sammála né ósammála (sjá mynd 1).

Nemendur voru almennt ósammála (48,1%) eða mjög ósammála (13,5%) staðhæfingunni að þeir væru virkir í hópvinnu og gerðu aðeins sinn hlut og ekki meira. Á meðan voru aðeins 13,5% sammála þeirri fullyrðingu og 25% hlutlausir (sjá mynd 1).


Meirihluti eða 70% nemenda voru einnig ósammála (34,6%) og mjög ósammála (36,5%) þeirri fullyrðingu að þeir ættu erfitt með að koma sér að verki og gera sinn hlut í hópvinnu. Á móti voru 9,4% sammála og 1,9% mjög sammála því að þeir ættu erfitt með að koma sér að verki (sjá mynd 1).

Nemendur voru einnig beðnir að taka afstöðu til þess, hvort það hefði komið fyrir að þeir hefðu ekki verið með neitt framlag í hópvinnu. 90,4% nemenda voru ósammála (71,2%) eða mjög ósammála (19,2%) þeirri fullyrðingu en 7,7% voru sammála því og 1,9% mjög sammála um hafa ekki verið með neitt framlag. Enginn nemandi var með hlutlausa afstöðu (sjá mynd 1).

Nemendur voru beðnir að lýsa upplifun sinni til eins tiltekins hópverkefnis sem þeir höfðu klárað nýlega eða síðustu önn. Þeir voru beðnir um að gefa upp stærð hópsins, upplifun á hópstarfinu og framlaginu og hvaða einkunn þeir hefðu fengið. Stærð hópanna var á bilinu 2-6, að meðaltali 4,1 (staðalfrávik 0,8). Meðaleinkunn fyrir hópverkefnin var frekar há eða 8,6 (staðalfrávik 0,7). Hæsta einkunn var 10 og lægsta 4,5.

Mynd 2

Upplifun á framlagi í hópverkefni.




50% nemenda voru sammála því að þeir hefðu lagt meira til hópverkefnisins en aðrir, þar af 15,4% mjög sammála. Á móti voru 25% ósammála því að þeir hefðu lagt meira til hópverkefnisins. Það vekur athygli að 25% voru hlutlausir í afstöðu sinni. Yfirgnæfandi meirihluti nemenda var sammála (42,3%) eða mjög sammála (53,8%) því að þeir hefðu gert sinn hlut í verkefninu, á meðan að aðeins 1,9% voru ósammála. Þær niðurstöður samræmdust viðhorfi nemenda til fullyrðingar um að framlag þeirra hefði verið lítið sem ekkert, þar sem yfir 90% var ósammála og aðeins 1,9% var mjög sammála þeirri fullyrðingu (sjá mynd 2).

Í viðhorfi nemenda til framlags annarra til hópverkefnisins kom í ljós að nákvæmlega helmingur (50%) var ósammála því að hópmeðlimir hefðu lagt jafnt til verkefnisins, á meðan að 42,3% voru sammála að framlag hópmeðlima hefði verið jafnt. Hlutfall á milli þeirra sem voru sammála (19,2%) og mjög sammála (23,1%) annars vegar og ósammála (26,9%) og mjög ósammála (23,1%) var svipað. Svör við fullyrðingunni hvort að einn hópmeðlimur eða fleiri hefðu lagt lítið sem ekkert til hópverkefnisins sýndu að meirihluti nemenda var sammála þeirri fullyrðingu: 30,8% voru sammála og 21,2% mjög sammála. 42,3% voru hins vegar ósammála, þar af 25% mjög ósammála (sjá mynd 2).

Þrátt fyrir að upplifun meirihluta nemenda væri sú að framlag væri ójafnt, sýndu niðurstöður að upplifun nemenda á þessu tiltekna á hópaverkefni var almennt mjög góð (31%) og góð (25%). Á meðan höfðu þriðjungur nemenda slæma upplifun (sjá mynd 3).

Mynd 3


Upplifun af hópverkefni.



Til þess að stemma stigu við litlu sem engu framlagi nýttu nemendur sér lítið af úrræðum eins og að biðja nemenda að taka sig á, láta kennara vita af litlu framlagi kennara, biðja viðkomandi að hætta í hópnum eða fjarlægja nafn nemenda af hópverkefninu. Það úrræði sem var helst nýtt var að biðja viðkomandi hópmeðlim að taka sig á. 30,8% nemenda sögðust nýta það sjaldan, 26,9% stundum, 5,8% oft og 5,8% alltaf (mynd 4).

Mynd 4

Viðbrög við litlu eða engu framlagi annara hópmeðlima.




Næst á eftir því var mest nýttá úrræðið að láta kennara vita. Þó að flestir (67,3%) nýttu það ekki, nýttu 7,7% það sjaldan, 21,2% stundum, 1,9% oft og 1,9% alltaf. Þau úrræði sem nemendur nýttu síst var að fjarlægja nafn viðkomandi af verkefninu eða að biðja viðkomandi að hætta í hópnum. 9,6% sögðust sjaldan og 5,8% sögðust stundum hafa fjarlægt nafn þess sem var með lítið framlag af hópverkefninu á meðan að 84,6% sögðust aldrei hafa gert það. 92,3% sögðust aldrei hafa beðið hópmeðlim með lítið eða ekkert framlag um að hætta í hóp, en 7,7% sögðust hafa nýtt það sjaldan (mynd 4).

Lítið eða ekkert framlag hópmeðlima hefur samkvæmt niðurstöðum áhrif á líðan nemenda (sjá mynd 5). 76,9% nemenda voru sammála því að þeim liði illa í hóp þar sem einn eða fleiri væru með lítið eða ekkert framlag. Þar af voru 30,8% mjög sammála en aðeins 15,3% ósammála. Einnig var meirihluti (78,9%) nemenda sammála því að lítið eða ekkert framlag hópmeðlims hefði neikvæð áhrif á upplifun þeirra á hópinnunni. Þar af voru 48,1% mjög sammála. 48% voru sammála því að þeir lærðu einnig minna í hóp þar sem einn eða fleiri væru með lítið eða ekkert framlag, á meðan að u.þ.b. einn þriðji nemenda var ósammála því. Nemendum fannst lítið eða ekkert framlag eins eða fleiri hafa minnst áhrif á einkunn. 34,6% voru sammála og sama hlutfall var ósammála (sjá mynd 5).

Mynd 5


Upplifun í hópvinnu þar sem framlag er ójafnt.



Nemendur voru spurðir út í mikilvægi vissra þátta fyrir góða hópvinnu (sjá mynd 6). Niðurstöður sýndu að flestum nemendum fannst góð samskipti mikilvæg fyrir góða hópvinnu. Yfirgnæfandi meirihluti eða 98% nemenda fannst það mikilvægt, þar af fannst 78,8% það mjög mikilvægt, á meðan að aðeins 1,9% fannst það mjög lítilvægt fyrir góða hópvinnu.

Mynd 6

Upplifun á vægi þátta fyrir árangur í hópvinnu.



Í öðru sæti fannst flestum nemendum eða 86,5% jöfn virkni hópmeðlima mikilvæg fyrir hópvinnu. Þar af fannst 44,2% nemenda það mikilvægt og 42,3% fannst það mjög mikilvægt (sjá mynd 6).

Í þriðja sæti var góður leiðtogi, þar sem 42,3% fannst það mikilvægt og 30,8% mjög mikilvægt fyrir góða hópvinna, samtals 73,1%. Síðast en ekki síst fannst u.þ.b. helmingi nemenda bæði mikilvægt og mjög mikilvægt að fá meiri vinnutíma með hópnum og að nota jafningjamat (sjá mynd 6).

Framkvæmd var Spearman's fylgnigreining miðað við 95% öryggisbil. Stuðst er við útlegginu Dancey og Reidy (2011) á túlkun niðurstaðna þar sem tölurnar 0.01 til 0.19 er skilgreindar sem engin fylgni, 0.20 til 0.29 sem veik fylgni, 0.30 til 0.39 sem miðlungs fylgni, 0.40 til 0.69 sem sterk fylgni og allar yfir 0.70 sem mjög sterk fylgni. Spearman's fylgniprófið sýndi tölfræðilega marktæk tengsl á milli viðhorfa til hópvinna, upplifun á tilteknu hópverkefni, framlagi í því verkefni og neikvæðri upplifun á hópvinna (sjá töflu 1).

Tölfræðilega sterk jákvæð fylgni var á milli jákvæðni fyrir þátttöku í hópvinna og upplifun á aukun lærdómi í hópvinna ($r_s(50) = .65, p < .05$). Í samræmi við þá niðurstöðu var einnig sterk jákvæð fylgni á milli jákvæðni fyrir þátttöku og að nemendur upplifðu sig skilvirkari í hópvinna, $r_s(50) = .48, p < 0.05$. Á milli viðhorfanna varðandi aukin lærdóm og skilvirkni var einnig sterk jákvæð fylgni ($r_s(50) = .41, p < .05$) (sjá töflu 1).

Tafla 1

Fylgni á milli viðhorfs, upplifunar og framlags.

	1	2	3	4	5	6	7	8
1. Ég er almennt jákvæð/ur fyrir því að taka þátt í hópvinna	1							
2. Mér finnst ég læra meira í hópvinna en þegar ég vinn ein/n	.658**	1						
3. Ég er almennt skilvirkari í hópvinna en þegar ég vinn ein/n	.481**	.413**	1					
4. Upplifun mín á þessu tiltekna hópverkefni	.562**	.431**	.291*	1				
5. Allir lögðu jafnt fram til verkefnisins	.358**	.287*	0.226	.632**	1			
6. Einn (eða fleiri) lögðu lítið sem ekkert til verkefnisins	-.363**	-0.070	-0.187	-.622**	-.819**	1		
7. Það hefur neikvæð áhrif á upplifun mína á hópvinna ef framlag eins eða fleiri lítið eða ekkert	-0.213	-.397**	-0.158	-.291*	-0.213	0.110	1	
8. Einkunn	.364**	.154	.111	.579**	.576**	-.638**	-.091	1

** . $p < 0.01$, * . $p < 0.05$

N= 52

Sterk jákvæð fylgni var á milli góðrar upplifunar á tilteknu hópverkefni og jákvæðni fyrir þátttöku ($r_s(50) = .56, p < .05$) annars vegar og því viðhorfi að læra meira í hópvinna hins vegar

($r_s(50) = .43, p < .05$). Veik jákvæð fylgni var á milli góðrar upplifunar á tilteknu hópverkefni og því viðhorfi að vera skilvirkari í hópvinnu ($r_s(50) = .29, p < .05$) (sjá töflu 1).

Miðlungs sterk jákvæð fylgni var á milli jákvæðni fyrir þátttöku í hópvinnu og þeirri upplifun að allir hefðu lagt jafnt til tiltekins hópverkefnis ($r_s(50) = .35, p < .05$). Veik jákvæð fylgni var á milli viðhorfsins að hópvinna ýtti undir lærdóm og þeirri upplifun að allir hópmeðlimir hefðu lagt jafnt til tiltekins hópverkefnis ($r_s(50) = .28, p < .05$). Miðlungs sterk neikvæð fylgni var á milli jákvæðni fyrir þátttöku í hópvinnu og þeirri upplifun að einn eða fleiri hefðu lagt lítið eða ekkert til tiltekins hópverkefnis ($r_s(50) = -.36, p < .05$; sjá töflu 1). Með öðrum orðum ef nemendur voru sammála því að þeir væru jákvæðir fyrir þátttöku hópvinnu voru þeir ósammála því að einn eða fleiri hefðu lagt lítið eða ekkert til hópverkefnisins.

Miðlungssterk jákvæð tengsl voru á milli jákvæðni fyrir þátttöku í hópvinnu og einkunar ($r_s(50) = .36, p < .01$). Einnig voru sterk jákvæð tengsl á milli einkunnar og upplifunar á tilteknu hópverkefni annarsvegar ($r_s(50) = .57, p < .01$) og jöfnu framlagi hinsvegar ($r_s(50) = .57, p < .01$). Sterk neikvæð tengsl voru á milli einkunnar og viðveru hópmeðlima með lítið eða ekkert framlag í tiltekna hópverkefni ($r_s(50) = -.63, p < .01$; sjá töflu 1).

Miðlungssterk neikvæð fylgni var á milli því viðhorfi að hópvinna ýtti undir lærdóm og þeirri skoðun að lítið eða ekkert framlag eins eða fleiri hefði neikvæð áhrif á upplifun hópvinnunar ($r_s(50) = -.39, p < .01$; sjá töflu 1). Með öðrum orðum ef nemendur voru sammála því að þeir lærðu meira í hópvinnu þá voru þeir ósammála því að lítið eða ekkert framlag hefði neikvæð áhrif á upplifunin í hópvinnu og öfugt. Engin marktæk tengsl voru á milli viðhorfs til hópvinnu og notkunar á úrræðum (sjá viðhengi C).

Framkvæmt var t-próf óháðra úrtaka til þess að skoða mun á milli kynjanna, tegund náms og þátttöku-uppruna nemenda (sjá töflur 2, 3 og 4). Niðurstöður eru eftirfarandi:

Marktækur munur var á milli kynjanna á þann hátt að karlmenn ($M = 3.78, SF = 1.09$) voru með jákvæðari upplifun á tiltekna hópverkefninu heldur en konur ($M = 3.37, SF = 1.43; t(50) = 0.8, p < .05$; sjá töflu 2). Áhrifastærðin var lítil ($d = 0.29$). Annar marktækur munur var á milli kynjanna á þann hátt að konur voru meira sammála ($M = 4.23, SF = 1.39$) því að lítið eða ekkert framlag hópmeðlims hefði neikvæð áhrif á upplifun á hópvinnu heldur en karlmenn ($M = 3.78, SF = 1.30; t(50) = -1.202, p < .05$). Áhrifastærðin var lítil ($d = -0.44$; sjá töflu 2)

Tafla 2

T-próf til þess að skoða kynjamun varðandi viðhorf, framlag og úrræði í hópvinnu.

	Konur (n=43)		Karlmennt (n=9)		t - gildi	p < .05	Cohens d
	M	SF	M	SF			
Upplifun í tilteknu hópverkefni	3.37	1.43	3.78	1.09	0.800	0.02	0.29
Lítið eða ekki framlag neikvæð áhrif á upplifun í hópvinnu	4.23	0.94	3.78	1.39	- 1.212	0.04	- 0.44

Skoðað var hvort að munur væri á milli staðnema og fjarnema (sjá töflu 3). Það var marktækur munur á milli hópanna á þann hátt að fjarnemar (M= 1.26, SF= .44) voru aðeins meira ósammála því að þeir hefðu lagt lítið sem ekkert til hópverkefnis í samanburði við staðnema (M= 1.46, SF= 1.12; $t(49) = .90$, $p < .05$). Áhrifastærðin var lítil ($d = .29$). Það var marktækur munur á milli staðnema og fjarnema á þann hátt að staðnemar nýttu sér síður það úrræði að biðja hópmeðlim að hætta í hóp (M=1.00, SF=0.00) heldur en fjarnemar (M=1.11, SF=0.31; $t(49) = -1.21$, $p < .05$). Áhrifastærðin var lítil ($d = -0.38$; sjá töflu 3)

Tafla 3

T-próf til þess að skoða mun á tegund náms varðandi viðhorf, framlag og úrræði í hópvinnu.

	Staðnám (n=13)		Fjarnám (n=38)		t - gildi	p < .05	Cohens d
	M	SF	M	SF			
Ég lagði lítið sem ekkert til verkefnisins	1.46	1.12	1.26	0.44	0.90	0.03	0.29
Biðja viðkomandi að hætta í hópnum	1.00	0.00	1.11	0.31	- 1.212	0.008	-0.38

Athugað var hvort að munur væri á milli þeirra þátttakenda sem tóku könnunina í gegnum háskólann á Akureyri annarsvegar og Facebook hinsvegar (sjá töflu 4). Niðurstöður sýndu marktækan mun á milli hópanna, þar sem Facebook-hópurinn (M=1.44, SF= 0.72) hafði notað úrræðið að fjarlægja nafn fríþega af hópverkefni oft en háskólahópurinn (M= 1.16, SF= 0.48; $t(50) = -1.44$, $p < .05$). Áhrifastærðin var miðlungsstór ($d = -0.53$).

Tafla 4

T-próf til þess að skoða mun á þátttöku-uppruna varðandi viðhorf, framlag og úrræði.

	HA (n=43)		Facebook (n=9)		t - gildi	p < .05	Cohens d
	M	SF	M	SF			
Upplifun í tilteknu hópverkefni	1.16	0.48	1.44	0.72	- 1.448	0.03	- 0.53

Þrátt fyrir marktækan mun á milli hópanna (sjá töflur 2, 3 og 4) er spurning hversu áreiðanlegur sá munur er til þess að álykta út frá. Hóparnir voru misstórir, dreifiningin ójöfn og áhrifastærðirnar litlar. Í einu tilfalli var áhrifastærðin miðlungsstór en hóparnir skiptust í 9

Þátttakendur í Facebook-hópnum og 43 í HA-hópnum. Minni hópar eru viðkvæmari fyrir því að marktækur munur mælist vegna útlaga, án þess að það endurspegli meðaltalið í reynd. Niðurstöðurnar gefa vísbendingu um mun á milli hópanna, en sökum ofannefndra atriða er ekki hægt að segja að sá munur sé mikill, né að hann hafi þýðingu fyrir þessa rannsókn.

Niðurstöður úr þematískri greiningu á svörum tveggja opinna spurninga sýndu fjögur eftirfarandi þemu varðandi úrræði (einnig sjá töflu 5).

- 1) Vinna meira sjálf/ur
- 2) Ýta á eftir nemenda.
- 3) Gott eða betra skipulag
- 4) Jafningjamat

Algengasta úrræðið sem nemendur gripu til samkvæmt greiningu var að leggja meira til hópverkefnisins en aðrir. Einn nemandi skrifaði: „Ég hef unnið harðar sjálf. Hef klárað og lagað það sem mér finnst ekki nógu gott og eyði bara meiri tíma í verkefni sjálf.“. Annar nemandi skrifaði: „Stundum endað á því að gera bara þeirra hlut sjálf og þá fá þeir „free pass“ en aðallega vegna þess að maður nennir ekki alltaf að ýta endalaust eftir eða „kvarta“ i[svo] kennara“. Annað algengt úrræði til þess að eiga við lítið eða ekkert framlag var að ýta á eftir viðkomandi hópmeðlim eins og eftirfarandi dæmi sýnir: „Í raun bara ýtt á meðliminn að skila sýnu[svo] og það hefur alltaf virkað þótt maður hefur þurft að ganga stundum á eftir þeim“. Einnig fannst nemendum mikilvægt að skipuleggja sig vel í hópvinna, ræða saman, skipta með sér verkum og vera með tímaplan eins og einn nemandi lýsir:

Það hefur hjálpað okkur að setja upp tímaplan fyrir verkefni í byrjun verkefnisins. Semsagt plan yfir hver sem ætlar að gera hvað, með tímasetning fyrir hvernær það þarf að vera búið og dagsetning fyrir næsta fund til að fara yfir. Skýr tímalínu fyrir hvenær við viljum vera tilbúinn til að skila.

Jafningjamat þótti einnig gott úrræði ef það var í boði. Eins og einn nemandi skrifaði var hún „mjög heppin í hópnum nema í einu verkefni. Því miður var ekkert jafningjamat þar en ég hefði nýtt mér það til að láta vita af þessari dræmu þátttöku.“ (Sjá töflu 5).

Tafla 5

Þemagreind úrræði í opnum svörum nemenda.

Vinna meira sjálf/ur
Ég hef unnið harðar sjálf. Hef klárað og lagað það sem mér finnst ekki nógu gott og eyði bara meiri tíma í verkefni sjálf.
Ég hef yfirleitt reynt að gera sem mest í hópverkefnum og stundum hef ég gert hópverkefni alveg sjálf, þetta er einfaldlega vegna þess að ég fæ yfirleitt lægri einkunn þegar ég vinn með öðrum.
Stundum endað á því að gera bara þeirra hlut sjálf og þá fá þeir „free pass“ en aðallega vegna þess að maður nennir ekki alltaf að ýta endalaust eftir eða „kvarta“ i kennara
Stundum dugar það ekki og þá gefst ég upp og geri frekar sjálf heldur en að bíða eftir viðkomandi sem frestar alltaf sínu framlagi.
framlög koma í missmundi formum, en ef einhver er að halda sig frá þá tala við þá og komast að hvað þau geta gert, annars gera það sjálfur
gert meira sjálf eða leiðbeint hópmeðlim við sinn part
[...] annars gera það sjálfur. einkunin skiftir mig meira máli en gera ekki meira en "minn hlut".. mér finnst að ættlast til að allir geri jafn mikið frekar heimskuleg hugsum og mun ekki hjálpa neinum
Ræða við eða ýta á eftir nemenda
Hvetja áfram og reyna að ná til hinna með því td að spyrja hver sé til í að taka eitthvað ákveðið að sér sem er eftir á þeim tímapunkti
í raun bara ýtt á meðliminn að skila sýnu og það hefur alltaf virkað þótt maður hefur þurft að ganga stundum á eftir þeim.
Tala við aðilann og segja að þetta gangi ekki upp, það eru allir með sitt verkefni og þurfi að taka sig á.
biðja þann einstakling (kurteislega) um að taka að sér einhvern part verkefnisins
Ræða málin. Komast að því afhverju viðkomandi er ekki að sinna sínu.
framlög koma í missmundi formum, en ef einhver er að halda sig frá þá tala við þá og komast að hvað þau geta gert[...]
Gott eða betra skipulag
Hópasamninga, reglulega fundi og hópamat
Það hefur hjálpað okkur að setja upp tímaplan fyrir verkefni í byrjun verkefnisins. Semsagt plan yfir hver sem ætlar að gera hvað, með tímasetning fyrir hvernær það þarf að vera búið og dagsetning fyrir næsta fund til að fara yfir. Skýr tímalínu fyrir hvenær við viljum vera tilbúinn til að skila.
Gott er að skilgreina hlutverk hvers og eins í hópnum og skipta niður verkum.
Ég hefði viljað ræða og gera samkomulag um vinnulag hópsins fyrirfram. Þetta vandamál kom upp seint í verkefninu og það var frekar erfitt að gera eitthvað til að laga hópvinnumna á þeim tímapunkti
Jafningjamat
Gefið 0 í mati mínu á framlags nemanda til verkefnisins
Ef það er í boði að svara spurningum um það hvernig gekk að vinna í hópnum þá skrifa ég alltaf ef einhver gerði lítið.
Jafningjamat
Ég hef verið mjög heppin í hópnum nema í einu verkefni. Því miður var ekkert jafningjamat þar en ég hefði nýtt mér það til að láta vita af þessari dræmu þátttöku.

Önnur eftirfarandi þemu voru greind sem lýstu viðhorfi nemenda til hópvinna (sjá töflu 6):

- 1) Ólík námshæfni nemenda
- 2) Aukið val á einstaklingsvinnu
- 3) Lærdómur

Nemendum fannst ólík námshæfni hópmeðlima hafa áhrif á hópasamstarfið. Einum nemenda fannst mikilvægt að vera meðvitaður um að einstaklingar kæmu með mismunandi styrkleika í hópvinnu og að það ætti að taka tillit til þess. Öðrum nemendum fannst hins vegar fríþegar misnota aðstæður í hópvinnu með því að láta metnaðarfyllri nemendur bera höfuðábyrgð á hópverkefninu.

Nemendum fannst mikilvægt að nemendur hefðu meira val um einstaklingsvinnu. Ástæður voru ýmsar eins og t.d. að hópvinna væri of algeng og því einhæf, einnig gæti vanvirkur nemenda í hópvinnu haft neikvæð áhrif á einkunn og að erfitt væri að skipuleggja tíma sinn með öðrum (sjá töflu 6).

Þriðja þemað var að hópvinna drægi úr lærdómi. Sökum fjölda hópmeðlima og útteilingu verkefnahluta yrði hópverkefnið útpynnt og að ójöfn virkni og lítil samskipti leiddu til lítils lærdóms. Einum nemenda fannst hópvinna hins vegar hjálpa nemendum að læra saman í hóp (sjá töflu 6).

Tafla 6

Pemu sem snúa að viðhorfi nemenda til hópinnu

Mismunandi hæfni hópmeðlima

Stundum hefur komið fyrir að hópfélagar mínir hafa ekki lagt jafn mikið fram, en af skiljanlegum ástæðum, t.d. vegna andlegra veikinda. Ég er það heppin að eiga lærdómshóp, og við gerum flest verkefni saman. Milli okkar ríkur þá skilningur að allir gera sitt besta þegar þeir geta, en hvað "sitt besta" er getur verið breytilegt vegna ýmissa þátta. Hins vegar, þá í hópverkefnum þar sem ég þekki einstaklingana ekki, þá er minni skilningur[...]

Að mínu mati þá er framlag hvers hópmeðlims ekki aðalvandamálið heldur það að hópar samanstanda oft af hópum með mismunandi getu og metnað, þetta gerir það að verkum að hópverkefni geta dregið nemendur niður sem fá vanalega betri einkunnir og þeir sem fá vanalega lægri einkunnir hækka í einkunn ef þau vinna hópverkefni með getumeiri/metnaðarfyllri nemendum.[...]

Finnst að fullorðið fólk eigi að geta myndað sína hópa. Sérstaklega eftir að fyrstu önn er lokið. Það eru nemendur sem fljóta áfram á styrkleikum annarra nemenda og komast í gegn. Þeir væru ekki í háskóla ef það væri ekki hópvinna og símat. [...] við sem erum metnaðarfull og vinnusöm að fá lakari einkunnir en ef við værum að vinna ein.

fólk er missgott í hlutum, reyna að tala við fólk og fá alla til að vinna út frá sínum styrkleika. mikilvægast er að geta tekið gagrýni og breyta til ef þarf.

Hafa meira val um einstaklingsvinnu

Finnst best þegar maður getur stjórnað hverjir vinna með manni og hverjir ekki. Einkunninn getur lækkað við það eitt að vera með vanvirkan nemanda með sér í verkefni eða illa skrifandi.

Finnst gott að hafa hópinnu og einstaklingsvinnu í bland en ekki gott þegar námskeiðismat byggir nær eingöngu á hópastarfi, er of einhæft að mínu mati

Vantar valmöguleika um að fá að vinna verkefni einn eða tveir í stað stærri hópa.

Ég er meira fyrir að vinna ein eða með fáum einstaklingum. Ég er í fjarnámi af þeirri ástæðu að ég hef ekki tíma í annað en að læra það sem er sett fyrir og stóla einungis á sjálfa mig. [...]

Lærdómur

[...]Ég vil ekki vera krafín um eitthvað sem ég get ekki staðist einsog að finna sameiginlegan tíma með of mörgum og eins að þá verður minna fyrir hvern og einn að vinna með að verkefnið verður svo útþynnt að maður lærir voða lítið [...]

[...] Hópverkefni eru þó góð leið til að læra að vinna saman [...]

Reynsla mín af hópinnu við HA er bæði algjörlega frábær og gjörsamlega hræðileg. Í góðu hópunum hef ég lært miklu meira en ég hefði annars gert í áfanganum. Átt frábærar umræður og lagt meiri vinnu í að skilja efnið betur til að geta rætt það.[...]

Umræður

Markmið rannsóknarinnar var að skoða þrjá meginþætti hópvinnunar: Viðhorf til hópvinnu, upplifun á framlagi og áhrif þess og nýtingu á úrræðum til þess að vinna á móti slöku framlagi. Niðurstöður voru almennt í samræmi við niðurstöður annarra rannsókna á hópvinnu með örfáum undantekningum. Þessir þættir og niðurstöðurnar verða skoðuð nánar í þessum kafla.

Viðhorf til hópvinnu – „Í góðu hópunum hef ég lært miklu meira.“

Niðurstöður könnunarinnar varðandi jákvætt viðhorf til þátttöku komu lítið á óvart. Meirihluti nemenda (61,6%) voru jákvæðir fyrir hópvinnu og hlutfallið svipað og í öðrum rannsóknum (Hansen, 2006; Underwood, 2003). Niðurstöður úr rannsókn Underwood (2003) sýndu að 76% nemenda höfðu áhuga og 12% mikinn áhuga á að taka þátt í hópvinnu ef engin einkunn var gefin, en 10% vildu frekar vinna einir. Ef einkunn var gefin höfðu nemendur aðeins minni áhuga á að taka þátt í hópvinnu, en aðallega hjá þeim sem sýndu mikinn áhuga á að taka þátt í hópvinnu. Í rannsókn Hansen (2006) voru nemendur nokkuð ánægðir að taka þátt í hópvinnu.

Nemendur í þessari rannsókn sem voru jákvæðir fyrir hópvinnu fannst þeir líka læra meira og skilvirkari í hópvinnu og öfugt. Ef nemendur voru með jákvætt viðhorf til hópvinnu þá voru þeir einnig ánægðari með tiltekið hópverkefni og fannst framlag hópmeðlima hafa verið jafnt og þátttaka fríþega lítil. Sterk jákvæð fylgni var á milli þátttöku í hópvinnu, auknum lærdómi og skilvirkni í hópvinnu. Miðlungssterk neikvæð tengsl voru á milli jákvæðni fyrir þátttöku og að fríþegar hefðu neikvæð áhrif á upplifunina á hópvinnunni. Með öðrum orðum, því jákvæðari sem nemendur voru fyrir þátttöku í hópvinna, þeim mun minna fannst þeim fríþegar hafa neikvæð áhrif af upplifun af hópvinnu og öfugt. Einnig var sterk jákvæð fylgni á milli einkunnar, jákvæðs viðhorfs og jafns framlags, en sterk neikvæð fylgni á milli einkunnar og ójafns framlags. Þessar niðurstöður eru í samræmi við rannsókn Pfaff og Huddleston (2003), að há einkunn og jafnt framlag í hópvinnu hefði spádómsgildi varðandi jákvætt viðhorf til hópvinnu.

Þó að niðurstöður sýndu marktæk jákvæð tengsl á milli viðhorfs til hópvinnu og aukins lærdóms, þá voru 50% nemenda ósammála því að þeir lærðu meira í hópvinnu, en 32,7% sammála því. Einnig voru þær niðurstöður í andstöðu við niðurstöður annarra rannsókna (Blatchford o.fl., 2003; Gillies og Boyle, 2010, 2011; Hansen, 2006; Lou o.fl., 1996; Slavin, 1996) sem sýna að nemendur upplifi að þeir læri meira í hópvinnu en einir. Samkvæmt félagsnámskenningunni og hvatakenningunni læra einstaklingar meira í hóp en einir (Luo o.fl., 2021; Zajonic, 1980). Tilgangur hópvinnu er að nemendur læri meira bæði vitsmunalega og félagslega til þess að undirbúa þá fyrir nútímaatvinnuumhverfi (Hansen, 2006). Það er því áhyggjuefni að stórum hluta nemanda finnist þeir ekki læra meira. Möguleg ástæða fyrir því að nemendum finnst þeir síður læra meira í hópvinnu í þessari rannsókn, gæti verið sú að meirihluti þátttakenda sé í grunninn góðir námsmenn hvort sem þeir vinna einir eða í hóp. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar voru t.d. 70% nemenda ósammála því að þeir ættu erfitt með koma sér að verki í hópvinnu og gera sinn hlut. Einnig eru 75% nemenda skráður í fjarnám og því mögulega margir vanir að vinna sjálfstætt. Opin svör sýndu jafnframt samkvæmt þemagreiningu að nemendur vildu aukið valfrelsi til þess að vinna einir heldur en í hóp, sem er í andstöðu við niðurstöður rannsókna Hansen (2006) og Underwood (2003).

Samkvæmt Hammar Chiriac (2014) geta verið margar ástæður fyrir því að hópvinna stuðli ekki að auknum lærdómi. Hún segir þrjá þætti bæði stuðla og grafa undan árangursríkri hópvinnu, sem séu lærdómur, námsfélagsleg hæfni og skipulag. Þættirnir skarast og hafa áhrif á hver annan. Hammar Chiriac (2014) nefnir dæmi að nemendum getur t.d. fundist erfitt að sýna námsfélagslega virkni sökum skipulagsatriða eins og tímaskorts, stærð hópanna og úthlutun verkefna á of marga sem dragi úr lærdómi. Nemendum gæti þá stundum fundist betra að vinna einir þar sem hópvinna tæki mikinn tíma, umræður væru langdregnar og ekki nægilega verkefnamiðuð. Þessi greining Hammar Chiriac (2014) samsvarar eftirfarandi opnu svari eins nemandi í þessari rannsókn:

[...] Ég vil ekki vera krafín um eitthvað sem ég get ekki staðist einsog[svo] að finna sameiginlegan tíma með of mörgum og eins að þá verður minna fyrir hvern og einn að vinna með að verkefnið verður svo útþynnt að maður lærir voða lítið [...]

Góð samskipti og námsfélagsleg hæfni eru mikilvæg fyrir hópvinnu (Hammar Chiriac, 2014). Það kemur því ekki á óvart að nemendum í þessari rannsókn fundust góð samskipti mikilvægust fyrir góða hópvinnu og jöfn virkni hópmeðlima næst mikilvægust, sem endurspeglast einnig í upplifun eins nemenda í opnu svari:

Í góðu hópunum hef ég lært miklu meira en ég hefði annars gert í áfanganum. Átt frábærar umræður og lagt meiri vinnu í að skilja efnið betur til að geta rætt það. En hins vegar hef ég líka alltof oft setið í hóp þar sem ég ein eða með einum öðrum vinnum 95% af verkefninu án neins framlag annarra sem er mjög lýjandi. [...]

Ef niðurstöður eru dregnar saman þá höfðu nemendur almennt jákvætt viðhorf til þátttöku en þóttu þeir hvorki læra meira né vera skilvirkari í hópvinnum. Niðurstöður eru að hluta í samræmi við rannsóknir hvað varðar þátttöku en ekki lærdóm. Nemendur nefndu ýmsar ástæður fyrir því hvað í hópvinnum rýrði lærdóm. Var þá einni helst nefnt skortur á jöfnu framlagi, virkni og hæfni og góðu skipulagi. Niðurstöðurnar eru vísbending um að hægt væri að efla hópstarfið betur.

Framlag í hópvinnum - „...fær B.A. gráðuna sína í Cheerios pakka..“

Stór meirihluti (78,8%) nemenda var þeirrar skoðunar að þeir væru mjög virkir og gerðu alltaf meira en sinn hlut. Nemendur voru almennt sammála að framlag þeirra var meira en framlag annarra. Sú skoðun samræmdu þeirri niðurstöðu að stór hluti en þó færri nemendur (u.þ.b. 60%) var ósammála að þeir gerðu aðeins sinn hlut en ekki meira. Rannsóknir (m.a. Ross og Sicoly, 1979; Deutsch o.fl., 1993; Gilovich o.fl., 2000) hafa sýnt að einstaklingar í hóp eða sambandi eigi til að ofmeta eigið framlag miðað við framlag annarra. Svör í könnunum byggja á mati þátttakenda á eigin viðhorfi, upplifun og hegðun. Þessar niðurstöður þarf því að taka með fyrirfara, þar sem könnun er sjálfsmatskvarði. Félagssálfræðingurinn Michael Ashton (2018) segir að meiri hætta sé á svarskekkjum eins og t.d. blekkingum og ýkjum í sjálfsmatskvarða sem dragi úr áreiðanleika mælitækisins. Þar sem hlutfall þeirra sem áætla að framlag þeirra sé meira en annarra hópmeðlima er mjög hátt, er hægt að álykta að sumir ofmeti framlag sitt í samanburði við aðra.

Lítill hluti nemenda eða 9,5% viðurkenndu að það hefði komið fyrir að þeir hefðu ekki verið með neitt framlag í hópvinnum. Svipuð tala eða 11,3% nemenda áttu erfitt með að koma sér að verki og gera sinn hlut. Hægt er að álykta að hér sé um svokallaða fríþega að ræða. Algengt er að nemendur álíti fríþega lata og áhugalaus og að þeir misnoti sér aðra til þess að komast áfram (Hall og Buzwell, 2013). Í opnum svörum nemenda fannst þeim að fríþegar gengju á lagið og væru að misnota sér styrkleika annarra. Einn nemandi skrifaði: „Fólk sem kemst upp á lagið með það að slæða með í þessum verkefnum fær B.A. gráðuna sína í Cheerios pakka.“.

Annar nemandi sagði: „Það eru nemendur sem fljóta áfram á styrkleikum annarra nemenda og komast í gegn.“. Rannsóknir (Hall og Buzwell, 2013; Hammar Chiriac, 2014; Hammar Chiriac og Granström, 2012; Jassawalla o.fl., 2009; Pfaff og Huddleston, 2003; Underwood, 2003) hafa sýnt að fríþegar í hópvinnum dragi úr jákvæðu viðhorfi og ánægju með hópvinnum.

Enn aðrir nemendur sýndu því skilning að nemendur ættu erfitt með að skila sínu í hópverkefninu eins og eftirfarandi dæmi sýnir: „Stundum hefur komið fyrir að hópfélagar mínir hafa ekki lagt jafn mikið fram, en af skiljanlegum ástæðum, t.d. vegna andlegra veikinda.“ Ýmsar ástæður eru fyrir því að nemendur eigi erfitt með að leggja sig fram í hópvinnum. Má þá nefna skortur á sjálfstrausti eða námshæfni, frestunarárátta og einnig geðræn vandamál (Cantwell og Andrews, 2002; Hall og Buzwell, 2013).

Þegar nemendur áttu að taka afstöðu til eins tiltekins hópverkefnis sögðust 50% nemenda hafa lagt meira til hópverkefnisins en 96,8% gerðu sinn hlut. Talsvert færri nemendum fannst þeir hafa lagt meira til í samanburði við almennt framlag. Á móti upplifði meirihluti að framlagið hefði ekki verið jafnt og 42,3% upplifðu að einn eða fleiri hefði verið með lítið eða ekkert framlag. Það er mjög hátt hlutfall og gæti skýrt afhverju nemendum finnst þeir ekki læra meira af hópvinnum heldur en einir. Það sem kemur á óvart er að 56% nemenda fannst upplifunin af hópverkefninu góð en aðeins einum þriðja fannst hún slæm þrátt fyrir hátt hlutfall mögulegra fríþega í hópverkefnunum. Þessar niðurstöður eru svipaðar og í rannsókn Hall og Buzwell (2013) þar sem 44% voru ánægðir en einn þriðjungur óánægður með upplifunina. Ástæða óánægjunnar var hátt hlutfall fríþega í hópvinnum (Hall og Buzwell, 2013). Lítið eða ekkert framlag eins eða fleiri hafði samkvæmt meirihlutanum (76-78%) í þessari rannsókn almennt neikvæð áhrif á líðan og upplifun nemenda á hópvinnum. 48% fannst það einnig hafa neikvæð áhrif á lærdóm, en hlutfall nemenda var frekar jafnt í aðra hvora áttina varðandi einkunn. Þó nokkrar rannsóknir (Hansen, 2006; Hall og Buzwell, 2013; Hammar Chiriac, 2014; Hammar Chiriac og Granström, 2012; Underwood, 2003) hafa sýnt að ójafnt framlag og viðvera fríþega í hópvinnum hafi neikvæð áhrif á líðan, upplifun og lærdóm. Niðurstöðurnar er því í samræmi við aðrar rannsóknir.

Það sem hefur mögulega unnið á móti meiri óánægju nemenda í þessari rannsókn er há meðaleinkunn (8,6) fyrir hópverkefnið. Rannsókn Pfaff og Huddleston (2003) sýndi marktæk tengsl á milli jákvæðs viðhorfs og einkunnar á þann hátt, að því hærrí sem einkunin var því jákvæðari voru nemendur fyrir hópvinnum.

Að ofantöldu má sjá að lítið eða ekkert framlag hefur neikvæð áhrif á upplifun nemenda á hópvinnu.

Úrræði – „..ýtt á meðliminn að skila sínu..“

Engin fylgni var á milli viðhorfs til hópvinnu og nýtingu úrræða. Nemendur nýttu lítið af úrræðum til þess að eiga við fríþega. Það úrræði sem var nýtt mest, en þó í litlum mæli var að biðja viðkomandi að taka sig á. Það samræmdist einnig opnum svörum nemanda. Einn nemandi skrifaði að hann hefði „ýtt á meðliminn að skila sínu og það hefur alltaf virkað“. Næst á eftir þessu úrræði var að láta kennara vita. Nemendur höfðu oft nýtt úrræðið að láta kennara vita heldur en að fjarlægja nafn nemenda af hópverkefninu. Þessar niðurstöður eru svipaðar og í rannsókn Underwood (2003), þar sem nemendur voru beðnir um að taka afstöðu til skriflegra dæma af óásættanlegum vinnubrögðum í hópvinnu. Meirihluti nemenda (83%) vildi ekki fjarlægja nafn hópmeðlims af verkefni sem hefði ekkert lagt til. 62% nemenda fannst þó réttlátt að upplýsa kennara af slöku framlagi meðlims. Heilt yfir vildu nemendur frekar tilkynna til kennara heldur en að þurfa sjálfir að fjarlægja nafn meðlims af verkefni (Underwood, 2003). Það er skiljanlegt að nemendum finnist erfiðara að fjarlægja nafn af verkefni heldur en að láta kennara vita, þar sem nemendur í hóp hafa ólíkt kennaranum ekkert formlegt vald yfir hver öðrum. Enn færri nemendur í þessari rannsókn höfðu nýtt úrræðið að reka fríþega úr hópnum sem er einnig hægt að úrskýra með skorti á formlegu valdi yfir meðlimum hópsins og ótta við átök. Hammar Chiriac (2014) segir að hópar sem ræði opinskátt um vandamál njóti meiri námsárangurs en hópar sem eru hræddir við að takast á við vandamál. Það kemur því ekki á óvart að mest nýtt úrræðið samkvæmt opnum svörum er að vinna meira sjálfur mögulega til þess að forðast átök við viðkomandi fríþega. Úrræðin hér á undan eru þau úrræði sem nemendur hafa vald til þess að útfæra en hvernig er með þau úrræði sem menntakerfið hefur?

Jafningjamat samkvæmt rannsóknnum (Brooks og Ammons, 2003; Druskat og Wolff, 1999; Karau og Williams, 1993; Shiu o.fl., 2012) hefur þótt skilvirkir verkfæri til þess að vinna á móti ójöfnu framlagi. Helmingur nemanda var sammála því að jafningjamat væri mikilvægt fyrir góða hópvinnu. Samkvæmt rannsókn Pfaff og Huddleston (2003) þá voru tölfræðilega marktæk tengsl á milli jákvæðs viðhorfs til hópvinnu og jafningjamats. Nokkrir nemendur í opnum svörum nefndu jafningjamat sem úrræði, hins vegar spurði könnunin ekki út í það hversu oft slík úrræði hefðu verið notuð. Það hefði getað gefið vísbendingu um hversu mikið kennarar nýttu jafningjamat í námskeiðum í HA. 50% nemenda fannst jafningjamat vera mikilvægt fyrir

góða hópvinnu. Örfáir nemendur gáfu í skyn í opnum svörum að þeir vildu formlegra utanumhald annað en jafningjamat. Einum nemenda fannst að þörf væri á þjálfun nemenda í hópvinnu og öðrum nemenda fannst mikilvægt að raða hópmeðlimum saman eftir getustigi eins og eftirfarandi tvö dæmi sýna:

Felstir[svo] kennarar svara því þegar maður óskar eftir því að vinna einn í verkefnum að maður þurfi að læra að vinna í hóp. En hvers vegna þá ekki að kenna nemendum það um leið og þeim eru kenndar aðrar vinnulags aðferðir?? Fólk lærir ekki að vinna í hóp af sjálfu sér [...]

Öðrum nemanda fannst góð lausn að raða nemendum í hóp eftir einkunn til þess að tryggja metnað og námsárangur:

[...]mér finnst að nemendur ættu að vera raðaðir í hóp eftir getustigi(einkunnum). Ef nemendur eru paraðir saman eftir einkunnum þá eru líklegast nemendur með svipað mikinn metnað líklegri til að lenda saman í hóp og vinnuframlag hvers og eins er líklegt til að vera svipað.

Þó að ýmis önnur úrræði eru til, er jafningjamat eitt það mest rannsakaðasta úrræði sem menntakerfið á æðri stigum hefur getað nýtt fyrir stefnumótun hópvinnunar. Samkvæmt rannsókn Hammar Chiriac og Granström (2012) á góðri og slæmri hópvinnu, vegur hlutverk kennarans þyngst fyrir gæði hópvinnunar. Hann legði að þeirra mati línunar bæði fyrir hópvinnuna og hópverkefnið (Hammar Chiriac og Granström, 2012). Það kemur því ekki að óvart að stórum meirihluta nemanda í þessari rannsókn fannst mikilvægt að hafa góðan leiðtoga í hópvinnu. Það er þó ekki hægt að segja annað en að það sé ósanngjarnt að hópmeðlimir þurfi að vera með eftirlit með framlagi annarra. Ósk um formlegri útfærslu þar sem kennarinn er með meira eftirlit á hópvinnunni gæti því verið bæði skilvirkara og sanngjarnara fyrir nemendur.

Annmarkar rannsóknar

Ýmsir annmarkar voru á rannsókninni. Úrtakið var lítið, aðeins 52 þátttakendur. Erfitt var að fá þátttakendur, þó að könnunin var opin í langan tíma. Hún var auglýst ítrekað í gegnum kennara og smáauglýsingar á háskólavef HA. 43 þátttakendur komust í kynni við könnunina í gegnum kennara við sálfræðideild og vefsíðu háskólans sem útskýrir hátt hlutfall þátttakenda úr hug- og félagsvísindasviði. Sökum dræmrar þátttöku var ákveðið að auglýsa á þremur Facebook-hópum fyrir nemendur í HA. Könnuninni var því haldið opinni í fimm daga í viðbót. Þátttaka var álíka dræm. Samtals náðust auka 9 þátttakendur.

Stærð úrtaksins leiddi einnig til annmarka á framkvæmd t-prófsins sökum þess hversu misstórir hóparnir voru. Hlutfall kynjanna endurspegladi vissulega raunverulegt hlutfall skólans en betra hefði verið að hafa fleiri nemendur af báðum kynjum til þess að fá áreiðanlegar niðurstöður og stærri áhrifastærð. Það sama á við um t-prófið sem skoðaði mun á milli fjarnema og staðnema og mun á milli þátttakenda í gegnum Facebook og HA. Þegar fáir þátttakendur eru í einum hóp sem bera á saman við annann hóp, þá er hætta á að öfgakennd svör sem mögulega endurspegla ekki þýðið leiði til marktæks muns. Í þessari rannsókn var ekki tekið tillit til niðurstaðna t-prófanna þar sem hóparnir voru misstórir, dreifingin ójöfn, áhrifastærðir flestar litlar og munurinn þar af leiðandi of lítill. Samkvæmt höfuðsetningu tölfræðinnar (e. central limit theorem) styrkist tölfræðilegur styrkur gagna eftir því hversu stórt úrtakið er og hvort að þátttakendur voru valdir af handahófi, svokallað slembiúrtak. Stórt slembiúrtak eykur líkurnar á því að gögnin séu normaldreifð og að þau endurspegli þýðið (Kwak og Kim, 2017). Í þessari rannsókn var hins vegar notast við hentugleikaúrtak.

